

Frumvarp til kvíkmyndalaga.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

I. KAFLI Markmið og yfirstjórn. 1. gr.

Markmið laga þessara er að efla kvíkmyndagerð og kvíkmyndamenningu á Íslandi.

Kvíkmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt.

Íslensk kvíkmynd í skilningi laga þessara er kvíkmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn kvíkmyndamála samkvæmt lögum þessum.

Kvíkmyndaráð veitir stjórnvöldum ráðgjöf um kvíkmyndamálefni og gerir tillögur til menntamálaráðherra um stefnu og markmið opinberra aðgerða á sviði kvíkmyndalistar.

Menntamálaráðherra skipar sjö fulltrúa í kvíkmyndaráð til þriggja ára í senn, formann og varaförmann án tilnefningar, en hina fimm samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila: Félags kvíkmyndagerðarmanna, Framleiðendafélagsins – SÍK, Samtaka kvíkmyndaleikstjóra, Félags kvíkmyndahúsaeigenda og Bandalags íslenskra listamanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í kvíkmyndaráð oftar en tvísvar samfleytt.

II. KAFLI Kvíkmyndamiðstöð Íslands. 3. gr.

Verkefni Kvíkmyndamiðstöðvar Íslands eru að:

1. Styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvíkmynda.
2. Stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvíkmyndum hér á landi og erlendis og afla upplýsinga um íslenskar kvíkmyndir og gefa þær út.
3. Efla kvíkmyndamenningu á Íslandi.
4. Stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvíkmyndamála.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvíkmyndamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn, að fenginni umsögn kvíkmyndaráðs. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvíkmyndamálum og íslenskri menningu.

Forstöðumaðurinn fer með yfirstjórn Kvíkmyndamiðstöðvar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við, ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvalds-

fyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaðurinn ráðningar annarra starfsmanna Kvikmyndamiðstöðvarinnar.

5. gr.

Tekjur Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru árlegt framlag í fjárlögum, vaxtatekjur og aðrar tekjur. Fjárveitingar til Kvikmyndasjóðs, sbr. 6. gr., skulu sérgreindar í fjárlögum hverju sinni. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar Kvikmyndamiðstöðvarinnar til þriggja ára.

6. gr.

Kvikmyndasjóður starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi.

Kvikmynd, sem styrkt er af Kvikmyndamiðstöð Íslands, skal hafa íslenska menningarlega skírskotun nema sérstök menningarleg rök leiði til annars.

7. gr.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands tekur endanlega ákvörðun um veitingu fjársstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda.

Í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn kvikmyndaráðs skal kveðið á um skilyrði fyrir framlögum úr sjóðnum með styrkjum, lánum eða veitingu tíma-bundinna vilyrða fyrir stuðningi. Jafnframt skulu sett ákvæði m.a. um undirbúning úthlutunar og greiðslur úr sjóðnum. Þar skal enn fremur kveðið á um meginþiptingu fjárveitinga Kvikmyndasjóðs milli einstakra greina kvikmyndagerðar, svo og um tilhögun mats á umsóknum, störf úthlutunarnefnda og um kvikmyndaráðgjafa.

**III. KAFLI
Kvikmyndasafn Íslands.**

8. gr.

Hlutverk Kvikmyndasafns Íslands er að:

1. Safna, skrásetja og varðveita íslenskar kvikmyndir, samvinnuverkefni íslenskra og erlendra aðila og erlendar kvikmyndir sem teknar hafa verið á Íslandi, þ.m.t. að varðveita skilaskylt efni samkvæmt lögum um skylduskil til safna.
2. Hafa eftirlit með skylduskilum kvikmyndaefnis samkvæmt lögum um skylduskil til safna.
3. Standa fyrir sýningum á innlendri og erlendri kvikmyndalist.
4. Sjá um viðhald og endurgerðir á kvikmyndum safnsins.
5. Skapa fræðimönnum og fagmönnum aðstöðu til að stunda kvikmyndafræðilegar rannsóknir.
6. Efla kvikmyndamenningu á Íslandi.

9. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndasafns Íslands til fimm ára í senn. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningar sögu.

10. gr.

Framleiðendum kvikmynda sem hlotið hafa styrk úr Kvikmyndasjóði er skylt innan sjö ára frá frumsýningardegi að afhenda Kvikmyndasafni tvö eintök kvikmyndar og skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess, sem og annað efni er varðar kvikmyndina og varðveislugildi hefur. Nánar skal kveðið á um framkvæmd skila í reglugerð.

11. gr.

Tekjur Kvikmyndasafns Íslands eru árlegt framlag í fjárlögum, vaxtatekjur og aðrar tekjur. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar Kvikmyndasafnsins til þriggja ára.

Kvikmyndasafni Íslands er heimilt að taka gjald fyrir eftirtalda þætti þjónustunnar: Útlán á kvikmyndum, kvikmyndasýningar, sérvinnslu skráa og úttak tölvugagna, sérfraðilega heimildabjónustu og hvers konar afritun og fjölföldun, til þess að standa straum af launum og efniskostnaði vegna þessara þátta. Gjaldskrá vegna þessarar þjónustu skal háð samþykki menntamálaráðherra.

Kvikmyndasafn Íslands skal afla fullnægjandi heimilda rétthafa samkvæmt höfundalögum svo að markmið starfsemi Kvikmyndasafns nái fram að ganga.

IV. KAFLI Önnur ákvæði.

12. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að skipa markaðsnefnd kvikmynda til þriggja ára í senn er í sitji fulltrúar samkvæmt tilnefningum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Kvikmyndamiðstöð Íslands, utanríkisráðuneyti og Útflutningsráði. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama haetti.

Hlutverk nefndarinnar er að veita innlendum og erlendum aðilum þjónustu er varðar gerð kvikmynda á Íslandi. Nefndinni er heimilt að kynna Ísland sem vettvang kvikmyndagerðar.

Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf. Menntamálaráðherra er heimilt að fela Kvikmyndamiðstöð Íslands rekstur markaðsnefndarinnar með sérstökum samningi.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. mars 2003. Um leið falla úr gildi lög um kvikmyndamál, nr. 94/1984, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kvikmyndamiðstöð Íslands og Kvikmyndasafn Íslands taka við tekjum og eignum Kvikmyndasjóðs Íslands. Kvikmyndamiðstöð tekur við réttindum og skyldum Kvikmyndasjóðs gagnvart viðskiptavinum hans í samræmi við ákvæði laga þessara.

Umboð númerandi stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands fellur niður frá gildistöku laga þessara.

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands er forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands þar til nýr forstöðumaður hefur verið skipaður samkvæmt ákvæðum 4. gr., þó eigi leng-

ur en til 1. mars 2003. Staða framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs Íslands skal lögð niður frá og með þeim tíma er hann lætur af störfum.

Núverandi safnstjóri Kvikmyndasafns Íslands gegnir störfum forstöðumanns Kvikmyndasafns Íslands þar til skipað hefur verið í embætti forstöðumanns samkvæmt ákvæðum 9. gr., þó eigi lengur en til 1. mars 2003.

Lokið skal við að skipa í kvikmyndaráð skv. 2. gr. laga þessara fyrir 1. febrúar 2003.